

Djúpavogshreppur
Sveitarstjóri
Bakka 1
765 Djúpivogur

Reykjavík 24. janúar 2018
UST201712-081/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Djúpavogshrepps - breyting - Bragðavellir - uppbygging ferðaþjónustu

Vísað er til erindis sveitarstjóra Djúpavogshrepps er barst 7. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á landnotkun á jörðinni Bragðavellir.

Skipulagssvæðið

Í greinargerð kemur fram að jarðirnar Bragðavellir 1 og 2 eru við botn Hamarsfjarðar, sunnan Hamarsár og að svæðið einkennist af lítt grónu flatlendi, árfarvegum og ræktuðu landi. Einnig kemur fram að þar er stunduð ferðaþjónusta og að stefnt er að aukningu hennar. Ofangreind breyting felur í sér að á 8,4 ha svæði verður landnotkun breytt úr landbúnaði í svæði fyrir verslun og þjónustu.

Fráveita


Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp.

Umhverfismat

Umhverfisstofnun tekur undir það að framkvæmdir munu hafa rask og áhrif á landslag í för með sér. Umhverfisstofnun tekur undir að framkvæmdasvæði hefur verið raskað vegna landbúnaðar á svæðinu. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að framkvæmdir verðir felldar að byggingum sem eru á svæðinu og umhverfinu.

Á ofangreindu framkvæmdasvæði eru ekki náttúruminjar á náttúruminjaskrá og þar eru ekki náttúruminjar er njóta sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr 60/2013 um náttúruvernd. Umhverfisstofnun gerir að öðru leyti ekki athugasemd við ofangreinda breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Rákel S Kristjánsdóttir
Sérfræðingur